

**Stéttarfélag bókasafns-
og upplýsingafræðinga**

Ársreikningur 2017

Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 511290-2369

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda.....	1
Áritun og skýrsla stjórnar.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymi.....	6
Skýringar og sundurliðanir.....	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2017, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsstillaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga. Í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að meta rekstrarhæfi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættunarfæri á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnuð og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík 18. apríl 2018

Valgerður Kristjánsdóttir

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningur Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga er sjálfstætt starfandi stéttarfélag. Hlutverk félagsins er m.a. að semja um kaup og kjör félagsmanna og standa vörð um kjaraleg réttindi þeirra. Engir fastir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu en stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarstörf.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2017 kr. 1.058.373. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 6.861.901.

Stjórn Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík 18. apríl 2018

Sigrún Guðnadóttir, formaður

Óskar Guðjónsson

Óskar Þór Þráinsson

Hallfríður Kristjánsdóttir

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir

Rekstrarreikningur 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	2017	2016
Félagsgjöld.....		17.317.326	15.752.073
		<u>17.317.326</u>	<u>15.752.073</u>
Rekstrargjöld			
BHM		3.100.629	2.941.257
Þjónustuskrifstofa FFSS.....		8.184.695	7.412.718
Laun og launatengd gjöld.....	2	3.135.442	4.226.471
Annar rekstrarkostnaður.....	3	1.845.663	1.361.851
		<u>16.266.429</u>	<u>15.942.297</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		<u>1.050.897</u>	<u>(190.224)</u>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		15.709	27.744
Fjármagnstekjuskattur.....		(3.139)	(5.543)
Vaxtagjöld og bankakostnaður.....		(5.094)	(2.720)
		<u>7.476</u>	<u>19.481</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>1.058.373</u></u>	<u><u>(170.743)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	2017	2016
Veltufjármunir			
Krafa á Kjaradeilusjóð SBU.....		6.049.765	6.184.319
Útistandandi félagsgjöld.....		1.659.249	1.587.033
Handbært fé.....		1.152.887	395.255
Veltufjármunir samtals		<u>8.861.901</u>	<u>8.166.607</u>
Eignir samtals		<u><u>8.861.901</u></u>	<u><u>8.166.607</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs.....		5.803.528	5.974.271
Hagnaður (tap) ársins.....		1.058.373	(170.743)
Eigið fé samtals		<u>6.861.901</u>	<u>5.803.528</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Skuld við Vísindasjóð SBU.....		2.000.000	2.363.079
Skuldir samtals		<u>2.000.000</u>	<u>2.363.079</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>8.861.901</u></u>	<u><u>8.166.607</u></u>

Sjóðstreymi 2017

Handbært fé frá rekstri	2017	2016
Innorganir:		
Innborguð félagsgjöld.....	17.245.110	15.333.586
Innborgaðir vextir.....	15.709	27.744
	<u>17.260.819</u>	<u>15.361.330</u>
Innorganir vegna rekstrar		
Útborganir:		
Greitt til BHM.....	3.100.629	2.941.257
Greitt til Þjónustumiðstöðvar FFSS.....	8.184.695	7.412.718
Lán til Kjaradeilusjóðs.....	0	229.140
Greidd laun.....	3.135.442	4.361.025
Greiddur annar rekstrarkostnaður.....	2.074.188	998.772
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	8.233	8.263
	<u>16.503.187</u>	<u>15.951.175</u>
Útborganir samtals		
Handbært fé frá (til) rekstri.....	757.632	(589.845)
Handbært fé í ársbyrjun	395.255	985.100
Handbært fé í árslok	<u>1.152.887</u>	<u>395.255</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

2. Laun og launatengd gjöld

	2017	2016
Laun	2.678.500	3.635.500
Mótframlag í lífeyrissjóð	253.220	297.194
Félagsgjöld	2.899	4.726
Tryggingagjald	200.823	289.051
	<u>3.135.442</u>	<u>4.226.471</u>

3. Annar rekstrarkostnaður

Endurskoðun	496.619	487.452
Lögfræðikostnaður	371.969	1.150.029
Endurgreiddur lögfræðikostnaður	0	(1.031.646)
Rekstur tölvukerfis	130.391	154.635
Kostnaður vegna kjarasamninga	0	150.571
Fundakostnaður	86.145	129.971
Kostnaður vegna BIB	51.182	50.049
Greitt fastagjald til BHM	150.000	150.000
Námskeið og ráðstefnur	26.700	20.000
Auglýsingar	29.500	18.500
Gjafir og styrkir	275.000	82.290
Ferðakostnaður	31.855	0
Annar kostnaður	196.302	0
	<u>1.845.663</u>	<u>1.361.851</u>